

## **Starfsreglur**

um breytingu á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar, sem samþykktar voru á kirkjuþingi 2009, sbr. breytingu á kirkjuþingi 2013.

### 1. gr.

Fyrsta málsgrein í inngangi siðareglanna orðast svo:

Siðareglur þessar ná til vígðra þjóna íslensku þjóðkirkjunnar og starfsfólks í launuðum sem ólaunuðum störfum innan sókna og stofnana kirkjunnar auk annarra kjörinna fulltrúa og þeirra er valin hafa verið til trúnaðarstarfa. Þær eru ætlaðar til stuðnings og leiðbeiningar í þjónustu við Guð og menn.

### 2. gr.

Fyrsta málsgrein í almennum ákvæðum siðareglanna orðast svo:

Hver sem telur að vígður þjónn eða annar starfsmaður innan sókna og stofnana þjóðkirkjunnar, launaður eða ólaunaður, kjörinn fulltrúi eða annar sem gegnir trúnaðarstörfum, hafi brotið framangreindar siðareglur getur leitað til fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota, biskups Íslands eða eftir atvikum kært.